Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **LongTab 20 / Klor LongTabs Multi**

Vörunúmer:

5220	**LongTab 20**	**1 kg (20 g töflur)**
5021	**Klor LongTabs Multi**	**5 kg (200 g töflur)**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Sótthreinsiefni fyrir vatn.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

Activ Pool ApS
Ledreborg Allé 128K
4000 Roskilde, Danmörk
00-45-70226856
info@activpool.com
www.activpool.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H302	Hættulegt við inntöku	Bráð eit.4
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum	SEM-VES 3
H400	Mjög eitrað lífi í vatni	Bráð eit.á vatn 1
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv. eit.á vatn 1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar

H302	Hættulegt við inntöku
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH301	Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru
EUH206	Varúð! Notist ekki með öðrum vörum. Getur gefið frá sér hættulegar lofttegundir (klór).

Varnaðarsetningar

P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P270	Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru.
P305 + P351 + P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P405	Geymist á læstum stað.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur: Symklósen. Virkt efni: Symklósen (95,4%).

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur efni sem geta valdið fósturskaða og áhrif á frjósemi fólks.
Sjá einnig 11. og 15. lið. Varan inniheldur eitt eða fleiri efni sem er að finna á lista Efnastofnunar Evrópu (ECHA) yfir sérlega varasöm efni (SVHC - Substances of very high concern).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Symklósen (tríklóróísósýanþvagsýra)			
Skráningarnúmer ECHA	01-2120767978-27	**Innihald %**	**95 - 100**
Raðnúmer	613-031-00-5	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	201-782-8	**H-setningar**	-
CAS	87-90-1	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Ox.fast efni - **H272**, Bráð eit.4 - **H302**, Augnert.2 - **H319**, SEM-VES 3 - **H335**, Bráð eit.á vatn 1 - **H400** (M=1), Langv.eit.á vatn 1 - **H410** (M=1), **SVHC**			

Bórsýra			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119486683-25	**Innihald %**	**2,5 - < 5**
Raðnúmer	005-007-00-2	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	233-139-2	**H-setningar**	-
CAS	10043-35-3	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.á æxl.1B - **H360FD**, **SVHC**			

Álsúlfat			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**1 - < 2,5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	233-135-0	**H-setningar**	-
CAS	10043-01-3	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Æt.málm 1 - **H290**, Augnskað.1- **H318**, **SVHC**			

Annað: ATE (blanda-inntaka) = 419,288-628,932.
Eye Cat. 2 Sum = Sum(Ci/S(G)CLi) = 9,552 - 14,328
N chronic (CAT 1) Sum = Sum(Ci/(M(chronic)i*25)) = 3,0528 - 4,5792
N acute (CAT 1) Sum = Sum(Ci/M(acute)i*25) = 3,0528 - 4,5792

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis. Veitið öndunaraðstoð við öndunarerfiðleika. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið læknis.
Snerting við húð Skolið með vatni.
Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni eða augnskoli (15 mín) og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis sé erting viðvarandi. Haldið áfram skolun.
Inntaka Skolið munn strax og drekkið mikið vatn. Leitið strax læknis. Sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði. Haldið þá höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:
Varan inniheldur efni sem valda ertingu í húð og augum, eða við innöndun. Snerting við ertandi efni, getur valdið aukinni næmni gagnvart ofnæmisvöldum.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Leitið strax læknis eða bráðamóttöku við inntöku eða önnur váhrif. Sýnið öryggisblaðið.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, alkóhólþolin froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum á brunastað og nærveru annarra efnavara.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við hátt hitastig eða bruna geta myndast: Halógensambönd, brennisteinsoxíð, niturоxíð, kolefnisoxíð, málmoxíð, þykkur og svartur reykur. Niðurbrotsefni geta reynst skaðleg heilsu.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.
Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Minni háttar losun má hreinsa upp með klútum, eða ryksugu/sóp. Forðist rykmyndun. Setjið í viðeigandi vel lukt ílát og fargið sbr. 13.lið. Tryggið góða loftræstingu. Hreinsið mengað svæði með vatni og hreinsiefnum. Forðist notkun leysiefna.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.
Við notkun ætti að halda myndun gufu, úða, ryks og reyks í lágmarki. Notið persónuhlífar.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Klór	0,5	1,5			WEL
Steinefnaryk, óvirkt, getur borist í lungu		5			WEL
Steinefnaryk, óvirkt		10			WEL
Álsúlfat		1			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

Bórsýra					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	0,98	mg/kg
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	8,3	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	392	mg/kg
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Skammtíma	DNEL	0,98	mg/kg/lík.þ/dag
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	196	mg/m2
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	4,15	mg/m3
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	2,02	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	2,02	mg/l
Umhverfi	Jarðvegur		PNEC	5,4	mg/kg þurrefni
Umhverfi	Hreinsistöðvar		PNEC	10	mg/l
Umhverfi	Ósamfelld losun		PNEC	13,7	mg/l

Álsúlfat					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	3,4	mg/kg
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	20,2	mg/m3
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,0003	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,00003	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöðvar		PNEC	20	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.
Notið CE-merktar persónuhlífar.

Persónuhlífar



Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð (EN 166) með hliðarvörn.

Húð - hendur Notið efnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr náttúrugúmmíi eða PVC (EN 374).
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir viðmiðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með síu P2 (Hvít).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Fast efni	
Lykt:	Einkennandi	
Litur:	Blár	
pH:	2-2,7	(vatn: 10 g/l, 20°C).
Bræðslumark:	246,8°C	
Gufuþrýstingur:	0,002	Pa
Leysanleiki í vatni:	Leysanlegt	

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður. Sjá lið 7.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Myndar eitraða lofttegund (klór) í snertingu við sýru.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Sjá 10.3 og 10.5.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar/afoxarar, sterkar sýrur og basar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við hátt hitastig eða bruna geta myndast: Halógensambönd, brennisteinsoxíð, nituroxíð, kolefnisoxíð, málmoxíð, þykkur og svartur reykur. Niðurbrotsefni geta reynst skaðleg heilsu.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Álsúlfat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	6207	mg/kg	mús	

Bórsýra					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	2660	mg/kg	rotta	

Symklósen (tríklóróísósýanþvagsýra)					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	490	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	0,54	mg/l/4 klst	rotta	

Húðerting/æting Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Alvarlegur augnskaði Veldur alvarlegri augnertingu.

Næming Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Krabbamein, stökkbreytingar og eitrun við æxlun

Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Eiturhrif á líffæri (eitt skipti) Getur valdið ertingu í öndunarfærum.

Eiturhrif á líffæri (endurtekin) Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Ásvelgingarhætta: Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Langvinn eiturhrif:

Eitrun æxlunarfæra: Í vörunni er að finna innihaldsefni sem geta valdið varanlegum fósturskaða
Einkenni gætu verið: Dauði, vanskapanir, þroska- eða hreyfihamlanir.
Einnig gæti verið um að ræða áhrif á frjósemi, með skemmdum á kynfrumum eða hormónabúskap.
Einkenni gætu verið: Ófrjósemi eða minnkuð frjósemi, truflanir á tíðahring kvenna og fl.
Varan inniheldur efni sem valda ertingu í húð og augum, eða við innöndun. Snerting við ertandi efni, getur valdið aukinni næmni gagnvart ofnæmisvöldum.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Álsúlfat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	33,9 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	38,2 mg/l	48 klst	Daphnia	

Bórsýra					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	79,7 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	102 mg/l	48 klst	Krabbadýr	
Eiturhrif	EC_{50}	14,3 mg/l	72 klst	Þörungar	
Dreifanleiki í jarðvegi	Log Koc	-0,523			

Symklósen (tríklóróísósýanþvagsýra)					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	8000 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	ErC_{50}	>5000 mg/l	72 klst	Þörungar	
Dreifanleiki í jarðvegi	Log Koc	0,823			

12.2 Þrávirkni og niðurbrot: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.5 PBT/VPvB: Á ekki við.

12.6 Annað: Varan inniheldur efni sem geta haft skaðleg, langvarandi áhrif á lífríki í vatni, vegna tregs niðurbrots.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking



UN Númer 3077
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, SOLID, N.O.S. (Trichloroisocyanuric acid)
Hættuflokkur: 9
Hættuundirflokkur: 90
Pökkunarflokkur: III
Mengunarhætta: Já

IMDG:



UN Númer 3077
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, SOLID, N.O.S. (Trichloroisocyanuric acid)
Hættuflokkur: 9
EmS: F-A, S-F
Pökkunarflokkur: III
Mengunarhætta: Já

IATA:



UN Númer 3077
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, SOLID, N.O.S. (Trichloroisocyanuric acid)
Hættuflokkur: 9
Pökkunarflokkur: III

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H272	Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi)
H290	Getur verið ætandi fyrir málma
H302	Hættulegt við inntöku
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H360FD	Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi. Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH301	Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru
EUH206	Varúð! Notist ekki með öðrum vörum. Getur gefið frá sér hættulegar lofttegundir (klór).

Útgáfa/Dags: 1 / 01.07.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***ACTIV POOL APS***
SIKKERHEDSDATABLAD
KLOR LONG TABS, MULTI 5020, 5021
Endurskoðað: *23.10.2018 Útgáfa 2.0*